

AUKIN URÐUN Í LANDI FÍFLHOLTA Á MÝRUM, BORGARBYGGÐ

Álit um mat á umhverfisáhrifum

1 INNGANGUR

1.1 Framlagning matsskýrslu og ósk um álit

Þann 17. desember 2020 lagði Sorpurðun Vesturlands hf. fram matsskýrslu um aukna urðun að Fíflholtum í Borgarbyggð og óskaði eftir áliti Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar sbr. 11. gr. lag um mat á umhverfisáhrifum. Skipulagsstofnun staðfesti móttöku matsskýrslunnar með tölvupósti dags. 18. desember 2020.

Gögn

Matsskýrsla: Aukning urðunar í landi Fíflholta á Mýrum. Mat á umhverfisáhrifum, matsskýrsla. Desember 2020. Sorpurðun Vesturlands hf. og Environice.

Viðaukar með matsskýrslu, umfram það sem lá fyrir í frummatsskýrslu.

- Umsagnir og athugasemdir vegna frummatsskýrslu.
- Samantekt og flokkun umsagna og athugasemda og svör við þeim.
- Niðurstöður vöktunar við urðunarstaðinn í Fíflholtum frá upphafi mælinga.
- Vöktunaráætlun fyrir urðunarstaðinn í Fíflholtum (Drög 2020).

Þann 30. desember 2020 sendi Skipulagsstofnun fyrirspurn til framkvæmdaraðila og óskaði eftir frekari upplýsingum sem bárust frá framkvæmdaraðila 6. janúar 2021.

1.2 Kynning frummatsskýrslu

Þann 15. maí 2020 lagði UMÍS–Environice, f.h. Sorpurðunar Vesturlands hf., fram frummatsskýrslu um aukningu urðunar í landi Fíflholta á Mýrum til athugunar hjá Skipulagsstofnun, sbr. 10. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum.

Framkvæmdin og frummatsskýrslan voru auglýst opinberlega þann 28. maí 2020 í Lögbirtingablaðinu, Fréttablaðinu og Morgunblaðinu. Frummatsskýrsla lá frammi til kynningar frá 28. maí til 10. júlí 2020 í Safnahúsinu í Borgarnesi, á Þjóðarbókhöðunni og hjá Skipulagsstofnun. Frummatsskýrslan var einnig aðgengileg á vef Skipulagsstofnunar.

Skipulagsstofnun leitaði umsagnar hjá eftirtöldum aðilum: Borgarbyggð, Heilbrigðiseftirliti Vesturlands, Náttúrufræðistofnun Íslands, Umhverfisstofnun og Veðurstofu Íslands.

Gögn

Frummatsskýrsla: Aukning urðunar í landi Fíflholta á Mýrum. Mat á umhverfisáhrifum, frummatsskýrsla. Mars 2020. Sorpurðun Vesturlands hf. og Environice.

Umsagnir um frummatsskýrslu bárust frá:

- Borgarbyggð dags. 24. júlí 2020.
- Heilbrigðiseftirliti Vesturlands dags. 6. júlí 2020



- Náttúrufræðistofnun Íslands dags. 18. júní 2020
- Umhverfisstofnun dags. 10. júlí 2020
- Veðurstofu Íslands dags. 6. júlí 2020

Eftirtaldir sendu athugasemdir á kynningartíma frummatsskýrslu:

- Guðbrandur Brynjúlfsson, Brúarlandi, dags. 9. júlí 2020
- Þorkell Guðbrandsson, Furumel, Guðrún Jónasdóttir, Furumel, Sigurður Jóhannsson, Kálfalæk, Ólöf Guðbrandsdóttir Kálfalæk, Guðmundur Þorgilsson, Skipphyl, Jón Magnússon, Einholtum, Sigurjón Helgason, Mel, Þórey Þorkelsdóttir, Mel, Jónas Þorkelsson, Birkimel og Inga Gunnarsdóttir, Birkimel, dags. 6. júlí 2020. Íbúar í nágrenni Fíflholts.
- Raket Steinarsdóttir, Ökrum, dags. 10. júlí 2020

Ein athugasemd barst að kynningartíma loknum frá Jóni Axel Jónssyni, Sæunnargötu 4, Borgarnesi, dags. 22. júlí 2020.

2 FRAMKVÆMD OG MARKMIÐ

2.1 Formáli

Skipulagsstofnun gaf út úrskurð um mat á umhverfisáhrifum urðunarstaðarins í Fíflholtum þann 12. september 1997. Þá var ráðgert að urða 7.000 til 9.000 tonn á ári og alls um 120.000 tonn á fyrstu 20 árunum en samkvæmt matsskýrslu voru urðuð þar samtals 129.542 tonn í þremur urðunarreinum frá 1998 til 2012. Árið 2012 sendi Sorpurðun Vesturlands hf. tilkynningu til Skipulagsstofnunar um aukna urðun á urðunarstaðnum um 15.000 tonn á ári til 14 ára og tók stofnunin ákvörðun í janúar 2013 um að aukningin skyldi ekki háð mati á umhverfisáhrifum. Núgildandi starfsleyfi var gefið út í febrúar 2014 og gildir til 2028 og samkvæmt leyfinu er heimil móttaka og urðun á 15.000 tonnum árlega.

Í matsskýrslu kemur fram að þjónustuvæði urðunarstaðarins í Fíflholtum nái yfir tíu sveitarfélög, þ.e. Akraneskaupstað, Hvalfjarðarsveit, Skorradalshrepp, Borgarbyggð, Eyja- og Miklaholtshrepp, Snæfellsbæ, Grundarfjarðarbæ, Helgafellssveit, Stykkishólmsbæ og Dalabyggð, auk þess sem tekið hafi verið við úrgangi frá Reykhólahreppi. Eftir að sorpbrennslustöð Funa á Ísafirði hafi verið lokað árið 2010 hafi verið tekið við úrgangi frá fimm sveitarfélögum á Vestfjörðum vegna tilmæla frá opinberum aðilum um að urðunarstaðurinn í Fíflholtum tæki þátt í lausn vandans sem skapaðist við lokun Funa, enda fáir ef nokkrir aðrir valkostir í stöðunni sem uppi var.

Vorið 2019 samdi Sorpurðun Vesturlands hf. við Sorpstöð Suðurlands bs. um að taka við allt að 2.500 tonnum af óflokkuðum úrgangi til urðunar til ársloka 2019. Litið var á þetta samstarf sem neyðarráðstöfun í framhaldi af því að Sorpa bs. hætti að taka við úrgangi frá Suðurlandi til urðunar í Álfsnesi í ársbyrjun 2019. Því samstarfi lauk vorið 2020 eftir að upphaflega 2.500 tonna markinu hafði verið náð.

Fram kemur í matsskýrslu að árin 2018 og 2019 hafi magn urðaðs úrgangs verið meira en 15.000 tonn á ári og því umfram heimild starfsleyfis og Sorpurðun Vesturlands hf. hefur því í hyggju að óska eftir nýju starfsleyfi fyrir urðun á allt að 25.000 tonnum af almennum úrgangi á ári. Hins vegar bendi flest til þess að á næstu árum muni draga hratt úr urðun vegna breyttra áherslna íslenskra stjórnvalda og innleiðingar úrgangstilskipana en engu að síður séu líkur á að urðun í Fíflholtum verði enn um sinn meiri en sem nemur 15.000 tonnum á ári.

Fram kemur í matsskýrslu að Sorpurðun Vesturlands hf. eigi í samstarfi við önnur sorpsamlög á suðvesturhorninu um leit að heildarlausnum í úrgangsmálum fyrir svæðið allt. Liður í þeim lausnum geti verið að úrgangi verði miðlað milli svæða ef það sé talið hagkvæmt í fjárhagslegu og umhverfislegu tilliti. Í samræmi við þetta sé tilgangur umhverfismatsins sem hér er kynnt m.a. að



búa urðunarstaðinn í Fíflholtum undir það að geta mætt eftirspurn frá höfuðborgarsvæðinu eða öðrum samstarfsaðilum með stuttum fyrirvara, innan 25.000 tonna marksins sem gert sé ráð fyrir í umhverfismatinu. Frekari urðun úrgangs úr öðrum héruðum myndi hins vegar kalla á grundvallarbreytingu á rekstri urðunarstaðarins í Fíflholtum, þ.m.t. nýframkvæmdir við stækkun og kalla á nýtt og mun umfangsmeira umhverfismat en hér um ræðir.

2.2 Framkvæmd - Starfsemi

2.2.1 Fyrirkomulag urðunar við núverandi aðstæður

Fram kemur í matsskýrslu um fyrirkomulag urðunar að vigtarkerfi haldi utan um magn úrgangs sem kemur inn á svæðið og skrái flutningsaðilar úrgangsflokka við innritun. Sjálf urðunin fer þannig fram að úrgangur er settur í 1-2 lögum ofan á malarlag sem þekur botn urðunarreinar. Úrganginum er þjappað í urðunarrein með troðara og hann hulinn með jarðvegi og viðarkurli samdægurs. Þannig er reynt að koma í veg fyrir fok og ágang dýra. Efst er sett moldarlag sem er bæði til þéttingar á yfirborði haugsins og til að auðvelt sé að rækta upp yfirborðið. Á urðunarstaðnum hafa verið gerðar fjórar urðunarreinar, sem hannaðar eru og útbúnar með það að markmiði að uppfylla kröfur laga og reglugerða um verndun jarðvegs og vatns. Sigvatni er safnað í lagnakerfi í botni urðunarreinanna og eru gerðar reglulegar mælingar, sýni tekin og greind til að fylgjast með efnainnihaldi þess. Sigvatnið er síðan leitt gegnum hreinsivirki áður en það er losað í útrásarskurð.

Fram kemur í matsskýrslu að í lok árs 2012 hafi verið fyllt upp í urðunarreinar 1-3 og hefur þeim hluta urðunarsvæðisins nú verið lokað og yfirborðið ræktað upp. Núgildandi starfsleyfi nær eingöngu til urðunarreinar 4 og gildir það sem fyrr segir til 2028. Urðunarreinin er um 3,3 ha að stærð og dýpi hennar er 7-8 metrar. Fyrirkomulag urðunar í rein 4 er með þeim hætti að úrgangur er fyrst urðaður nyrst í urðunarreininni og síðan áfram til suðurs. Syðst í reininni er mælibrunnur þar sem sýni eru tekin úr óhreinsuðu sigvatni áður en því er veitt í hreinsikerfi.

Fram kemur að fyrirhuguð aukning urðunar í 25.000 tonn á ári kalli hvorki á stækkun urðunarsvæðisins né urðunarreina og hefur ekki í för með sér jarðvegsframkvæmdir eða breytingar á urðunarsvæðinu í Fíflholtum. Ekki er því um eiginlega framkvæmd að ræða heldur aðeins aukningu á úrgangsmagni sem urðað er árlega í urðunarrein 4 miðað við núgildandi starfsleyfi. Hér er því hvorki um að ræða nýframkvæmd né breytingu á eldri framkvæmd, heldur eingöngu breytingu á starfsemi sem framkvæmdinni fylgir.

Í matsskýrslu er gerð grein fyrir þróun í magni urðaðs úrgangs undanfarinna ára frá tæpum 12.000 tonnum árið 2013 upp í um 15.500 tonn 2018 og 17.500 tonn 2019 en aukning milli síðustu áranna stafaði af úrgangi sem þá barst frá Suðurlandi. Gerð er grein fyrir samsetningu úrgangsins árin 2013-2019 og þar kemur m.a. fram að hlutfall blandaðs úrgangs frá sveitarfélögum er umfangsmest eða um 50% en síðan koma svipað stórir flokkar ónýtt timbur (um 15 %) og blandaður úrgangur frá fyrirtækjum um 15 – 20 %.

2.2.2 Umsagnir og athugasemdir

Borgarbyggð leggst almennt gegn aukinni urðun, enda markvisst unnið að því að draga úr urðun meðal íbúa sveitarfélagsins. Það samræmist ekki framtíðaráformum stjórnvalda í úrgangsmálum eða stefnumörkun sveitarfélagsins að auka urðun úrgangs í Fíflholtum. Borgarbyggð er mótfallin því að taka við sorpi til urðunar frá öðrum svæðum en fram kemur í frummatsskýrslu.

Borgarbyggð telur mikilvægt að leitað verði allra leiða til að draga úr urðun úrgangs sem fyrst og brennsla dýrahæja og sláturúrgangs og sérsöfnun lífræns úrgangs sé mikilvægur þáttur til að draga úr urðun. Lögð er áhersla á að starfseminni verði þannig háttáð að sem mest sátt sé um hana í samfélaginu.



Umhverfisstofnun veltir því upp hvort æskilegt sé að meta áhrif af minni aukningu í endanlegri matsskýrslu. Móttaka á úrgangi frá höfuðborgarsvæðinu samræmist ekki stefnu í Sóknaráætlun Vesturlands 2020-2024.

Guðbrandur Brynjúlfsson bendir á í athugasemd sinni að fyrirhuguð breyting á starfsleyfi sé óþörf, stríði gegn óformlegri sáttargjörð Sorpurðunar Vesturlands og náganna um að taka ekki við úrgangi utan landshlutans og gangi gegn stefnu stjórnvalda í úrgangsmálum. Frekar ætti að stefna á stórauðna flokkun og söfnun lífræns úrgangs.

Íbúar í nágrenni Fíflholts og Rakel Steinarsdóttir benda efnislega á það sama og Guðbrandur í athugasemdum sínum.

Í svörum framkvæmdaraðila er ofangreindum staðhæfingum ekki mótmælt en engu að síður hefur stjórn Sorpurðunar Vesturlands ákveðið að ráðast í þetta mat til að opna möguleikann á þeirri breytingu á starfsleyfi að heimilt verði að urða allt að 25.000 tonnum á ári.

2.3 Staðhættir

Í matsskýrslu kemur fram að jörðin Fíflholt í Borgarbyggð sé eyðijörð í u.þ.b. 20 km fjarlægð frá Borgarnesi. Jörðin sé í heild um 1.572 ha að stærð og svæðið sem afmarkað hafi verið til sorpurðunar og tengdrar starfsemi sé um 65 ha og því mjög lítil hluti af jörðinni. Urðunarstaðurinn sé milli klapparholta rétt austan þess staðar þar sem bæjarhúsin í Fíflholtum stóðu, stutt frá Snæfellsnesvegi og að mestu leyti í mýrarsundi sem sé um 150 m breitt og um 1 km á lengd og í jaðri votlendis sem nýtur sérstakrar verndar skv. náttúruverndarlögum.

2.4 Valkostir

Í matsskýrslu er fjallað um tvo aðra valkosti en að auka urðunina í Fíflholtum um 10.000 tonn á ári það er núllkost og að hætta móttöku lífræns úrgangs.

2.4.1 Núllkostur

Fram kemur að núllkostur hafi það í för með sér að leita þurfi annarra úrræða til að farga úrgangi sem fellur til á svæðinu, þ.e.a.s. þar til tekist hafi að draga úr magni úrgangs eins og stefnt sé að. Það hefði í för með sér nýjan urðunarstað á Vesturlandi eða Vestfjörðum eða flutninga um langan veg til annarra urðunarstaða sem séu óhagkvæmir kostir og muni hafa umtalsvert meiri umhverfisáhrif en tímabundin aukning urðunar í Fíflholtum.

2.4.2 Móttöku lífræns úrgangs hætt

Sorpurðun Vesturlands hf. bendir á að að líkindum mætti komast hjá því að auka árlegt magn urðaðs úrgangs í Fíflholtum ef öllum lífrænum úrgangi sem fellur til í sveitarfélögum á Vesturlandi og Vestfjörðum yrði safnað sér og komið í endurvinnslu í stað urðunar. Óvissa sé um það hvenær sérstök söfnun og endurvinnsla lífræns úrgangs verði komin á og Sorpurðun Vesturlands hf. treysti sér ekki til að ákveða að hætta alfarið að taka við lífrænum úrgangi.

3 MAT Á UMHVERFISÁHRIFUM

Í matsskýrslu er stuðst við leiðbeiningar Skipulagsstofnunar og notaðar vægiseinkunnirnar verulega neikvæð, talsvert neikvæð, óveruleg neikvæð, engin áhrif/á ekki við, óverulega jákvæð, talsvert jákvæð og verulega jákvæð. Gerð er grein fyrir vægiseinkunnunum í töflu 3 í matsskýrslu. Í þessu álitinu notar Skipulagsstofnun einnig vægiseinkunnina nokkuð neikvæð áhrif. Nokkuð neikvæð áhrif eiga við um staðbundin áhrif sem ná ekki yfir umfangsmikið svæði, áhrifsvæðið nýtur ekki verndar eða er á annan hátt viðkvæmt fyrir breytingum en áhrifin geta verið að hluta varanleg og óafturkræf.



3.1 Vatn og jarðvegur

3.1.1 Mat framkvæmdaraðila

Í matsskýrslu kemur fram að í samræmi við núgildandi starfsleyfi urðunarstaðarins hafi verið gerðar reglulegar mælingar á sigvatni, grunnvatni, yfirborðsvatni og lækjarseti á urðunarsvæðinu í Fíflholtum. Vöktun á þessum þáttum fyrir urðunarrein 4 hefur farið fram í samræmi við kröfur starfsleyfis frá því að reinin var tekin í notkun í ársbyrjun 2013. Því liggja fyrir ítarleg gögn frá síðustu 7 árum um magn og efnasamsetningu sigvatns, stöðu og samsetningu grunnvatns, magn og samsetningu yfirborðsvatns og mengunarefni í seti vegna urðunar í urðunarrein 4. Í gildi eru fyrirmæli Umhverfisstofnunar frá 2014 um frágang á vöktun eldri hluta urðunarstaðarins á svæðinu, þ.e. urðunarreina 1-3, og hefur verið fylgst með efnainnihaldi sigvatns frá reininum frá upphafi eða frá og með árinu 2002.

Fram kemur í matsskýrslu að Sorpurðun Vesturlands telji að hugsanleg áhrif á vatn og jarðveg séu einn helsti áhættuþátturinn í rekstri urðunarstaða. Úrkoma sem fellur á urðunarsvæðið getur blandast mengunarefnum í úrgangi og borist út í grunnvatn í formi sigvatns. Einnig er hugsanlegt að olía sem notuð er á vinnuvélar og leysiefni og önnur hættuleg efni sem notuð eru við rekstur urðunarstaðarins valdi mengun vatns og jarðvegs á svæðinu og í nágrenni þess.

Fram kemur í matsskýrslu að í áhættumati sem unnið var af EFLU verkfræðistofu og lagt fram með umsókn um starfsleyfi fyrir urðunarstaðinn árið 2012 hafi verið talið líklegt að sigvatn frá urðun hefði ekki áhrif á grunn- eða yfirborðsvatn í nágrenni urðunarstaðarins og kæmi ekki til með að ógna umhverfinu. Samkvæmt rannsóknnum er berg undir urðunarstaðnum í Fíflholtum óvenjupétt og hefur tregari lekt en flest jarðefni sem tiltæk eru fyrir botnþéttingu á urðunarreinum á Íslandi. Sigvatn frá urðunarsvæðinu fer í gegnum hreinsivirki og síðan út í viðtaka sem samkvæmt núgildandi starfsleyfi er skurður við útrás hreinsivirkis. Gert er ráð fyrir að í nýju starfsleyfi verði sótt um breytingu á skilgreiningu á viðtaka og að hann verði víðáttumikið votlendi sunnan við urðunarstaðinn sem skilur að urðunarsvæðið og Norðlæk og myndar afkastamikla síu fyrir næringarefni sem berast með sigvatninu. Lögð er áhersla á að fyrirkomulag sigvatnshreinsunarinnar verði í stöðugri endurskoðun til að tryggja sem bestan árangur, þ.m.t. til að uppfylla kröfur um verndun vatns og jarðvegs.

Fram kemur að litlar líkur séu taldar á að aukning urðunarmagns úr 15.000 tonnum á ári í allt að 25.000 tonn hafi áhrif á hreinsigetu hreinsikerfisins í Fíflholtum. Áhrif aukningarinnar á vatn og jarðveg eru því talin óveruleg. Sú aukning sem matið nær til kemur ekki til með að hafa áhrif á nærliggjandi votlendi sem nýtur verndar.

3.1.2 Umsagnir og athugasemdir

Umhverfisstofnun telur að áhrif framkvæmdarinnar kunni að verða talsvert neikvæð m.t.t. núverandi urðunarstarfsemi á svæðinu því aukning á hraða urðunar kunni að valda meira álagi á vatn og jarðveg sökum meira magns útskolunarefna í sigvatni. Tryggja þurfi að ástand grunnvatnshlots versni ekki. Tillaga að vöktunaráætlun þurfi að vera í matsskýrslu.

Veðurstofan Íslands telur æskilegt að gerð verði mun betri grein fyrir skyldubundnum mælibreytum vöktunar, allt frá upphafi reksturs, sem séu skilgreindar í starfsleyfi og varði styrk efna í sigvatni, grunnvatni, yfirborðsvatni og lækjarvatni. Mikilvægt sé að fá yfirlit yfir mæligildi eða gröf sem gefi innsýn í mældan styrk, þ.e. hver þróun mælinga hafi verið frá upphafi borið saman við ástandið sem var til staðar áður en urðun hófst. Annars sé erfitt að meta hvort framkvæmdin hafi hingað til haft áhrif á umhverfið og þá með hvaða hætti. Bent er á í umsögninni að mikilvægt sé að sett séu viðmið um hámarks-/lágmarksgildi allra skyldubundinna mæliþátta og fari mæligildi fram yfir þau séu mörkuð greinargóð viðbrögð í áhættu- og viðbragðsáætlun. Núverandi áhættumat frá 2012 nái einungis yfir hluta þeirra mengunarpátta sem geti haft áhrif á umhverfið. Veðurstofan bendir á að



ekki komi fram hvort sífelluvöktun eigi sér stað, en telur slíkt vera æskilegt svo hægt sé að bregðast við ef skyndilega myndast álag vegna hækkaðs styrks mengandi efna.

Í svörum framkvæmdaraðila er bent á að vöktun hafi verið í samræmi við ákvæði starfsleyfis og allar niðurstöður vöktunarmælinga frá upphafi séu birtar í viðauka með matsskýrslu og niðurstöður allra mælinga séu innan marka starfsleyfis. Drög að nýrri vöktunaráætlun, sem byggir á gildandi áætlun, séu einnig að finna í viðauka með matsskýrslu. Áhættumat liggur fyrir sem og viðbragðsáætlun og verður matið og áætlunin uppfærð eftir þörfum í samráði við Umhverfisstofnun og sífelluvöktun tekin upp ef krafa verði gerð um það í starfsleyfi.

Rakel Steinarsdóttir bendir á í athugasemdum sínum að fuglalíf eigi sitt lífsviðurværi undir heilbrigðum vatnakerfum og samkvæmt Náttúrufræðistofnun Íslands sé svæðið eitt mikilvægasta fuglasvæði landsins. Einnig er bent á að ónógar upplýsingar séu að baki því álitu að ekki sé búist við að urðunin hafi skaðleg áhrif á fiskistofna í nágrenninu.

Í svörum framkvæmdaraðila er tekið undir mikilvægi þess að mengun berist ekki í grunnvatn og vísað til vöktunar samkvæmt starfsleyfi. Þá er vísað til umsagnar Veiðimálastofnunar frá 1997 um að ekki sé búist við skaðlegum áhrifum á fiskistofna í nálægum vatnakerfum. Engin niðurstaða vöktunarmælinga gefi til kynna að mengun frá urðunarstaðnum hafi borist í grunnvatn, lindir eða Norðlæk og þar með í raun útilokað að framkvæmdin hafi haft skaðleg áhrif á fiskistofna í nálægum vatnakerfum.

Með tilvísun í umsögn Veðurstofu Íslands óskaði Skipulagsstofnun eftir frekari úrvinnslu niðurstaðna vöktunar á efnainnihaldi vatns til þess að fá skýrari mynd af hugsanlegum áhrifum urðunarinnar á vatn og jarðveg.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að vöktun í Fíflholtum feli í sér að fylgst sé með u.þ.b. 40 mismunandi eðlis- og efnafræðilegum þáttum á urðunarstaðnum og í nágrenni hans skv. ákvæðum starfsleyfis. Skipta má þessum þáttum í grófum dráttum í fimm flokka, þ.e. uppleyst rafleiðandi efni (jónir), lífræn efni, næringarefni, þrávirk lífræn efni og þungmálma en engar upplýsingar eru tiltækar um ástand þessara þátta áður en urðun hófst. Styrkur efna í sigvatni ræðst einkum af gerð og magni úrgangs og fer almennt hækkandi með aukinni urðun, eins og fram kemur í umsögn Umhverfisstofnunar. Styrkur sigvatns segir hins vegar lítið um endanleg áhrif urðunarstaðar á umhverfi sitt. Árangur hreinsunar og þynning á þynningarsvæði ráða mestu þar um.

3.1.3 Niðurstaða

Skipulagsstofnun tekur undir með framkvæmdaraðila að einn helsti áhættuþáttur við rekstur urðunarstaða sé hætta á mengun vatns vegna útskolunar efna úr úrganginum og áhrif þess á vatn og jarðveg. Umhverfisstofnun hefur bent á að aukning á hraða urðunar kunni að valda meira álagi á vatn og jarðveg sökum meira magns útskolunarefna í sigvatni en Sorpurðun Vesturlands telur að litlar líkur séu á að aukning urðunarmagns úr 15.000 tonnum á ári í allt að 25.000 tonn á ári hafi áhrif á hreinsigetu hreinsikerfisins í Fíflholtum. Að mati fyrirtækisins segir styrkur sigvatns lítið um endanleg áhrif urðunarstaðar á umhverfi sitt. Árangur hreinsunar og þynning á þynningarsvæði ráða mestu þar um. Fyrir liggur að berg undir urðunarstaðnum í Fíflholtum er óvenjubétt og hefur tregari lekt en flest jarðefni sem tiltæk eru fyrir botnþéttingu á urðunarreinum á Íslandi. Þá liggur fyrir að sigvatnið frá urðunarsvæðinu fer í gegnum hreinsivirki og að niðurstöður vöktunar á efnainnihaldi sigvatnsins benda ekki til þess að veruleg breyting hafi orðið á efnainnihaldinu eða merkjanleg áhrif hafi orðið á vistkerfi viðtaka frá því að urðun á svæðinu hófst. Ekki er gert ráð fyrir að veruleg breyting verði á samsetningu úrgangs sem kemur til urðunar miðað við núverandi aðstæður en hugsanlega verður dregið úr eða hætt við að urða lífrænan úrgang, sem væri mjög jákvætt skref. Þá liggur fyrir að allar niðurstöður vöktunarmælinga frá upphafi starfseminnar eru innan marka starfsleyfis. Í samræmi við ábendingar Umhverfisstofnunar er lögð fram tillaga að nýrri



vöktunaráætlun í matsskýrslu vegna aukinnar urðunar, og fyrir liggur áhættumat og viðbragsáætlun vegna bráðamengunar.

Skipulagsstofnun telur að þegar litið er til aðstæðna á urðunarstað þ.e. þéttleika jarðlaga, auk þess sem sigvatn er hreinsað og í ljósi fyrrnefndra niðurstaðna vöktunarmælinga miðað við núverandi magn séu ekki líkur á að fyrirhuguð árleg aukning urðunarmagns muni hafa neikvæð áhrif á vatn og jarðveg. Skipulagsstofnun telur að í starfsleyfi sé unnt að setja kröfur sem tryggja eiga að ekki verði um neikvæð áhrif á vatn og jarðveg að ræða.

3.2 Fok úrgangs

3.2.1 Mat framkvæmdaraðila

Í matsskýrslu kemur fram að nokkuð hafi borið á því að úrgangur, einkum plastúrgangur, hafi fokið frá urðunarsvæðinu og safnast fyrir á Fíflholtsjörðinni og nærliggjandi jörðum og hann hafi verið tíndur upp og fjarlægður eftir því sem veður og mannaflí á hverjum tíma hafi leyft. Hætta á foki úrgangs og ryks haldist í hendur við vindstyrk og sé mest þegar sorpbílar og gámar séu tæmdir í miklum vindi og einnig áður en úrgangur hafi verið þakinn í lok dags. Ryk fjúki úr malar- og efnisbingjum á svæðinu og við umferð bifreiða og vinnuvéla.

Á árinu 2020 hafi verið ráðist í aðgerðir til að koma í veg fyrir fok. Settar hafi verið upp fokgirðingar vestan og sunnan við losunarstaðinn, en mest hefur borið á foki í þær áttir, klæðning þeirra endurbætt og komið upp skjólbeltum. Urðunarstaðnum er lokað við 18 m/sek í stað 20 m/sek. Aukinn verði mannaflí við vorhreinsun og gert samkomulag við aðila í nærsamfélaginu (bakvarðasveit) um þátttöku í hreinsunarátökum á hvaða árstíma sem er. Áhersla sé lögð á þjoppun úrgangs í vinnslufleti og umfang hans lágmarkað eins og kostur er án þess að lóðrétt skil myndist sem geti leitt til vaxandi íkveikjuhættu, þar sem súrefni kemst þá frekar niður á milli stafla.

Framkvæmdaraðili telur að framkvæmdin muni hafa óveruleg áhrif á fok úrgangs og annarra efna enda verði áfram beitt mótvægisáðgerðum til að koma í veg fyrir fok.

3.2.2 Umsagnir og athugasemdir

Borgarbyggð bendir á að hætta á foki aukist við móttöku á auknu magni úrgangs og æskilegt að sýnt sé fram á hvernig fyrirhugað sé að draga úr foki með frekari mótvægisáðgerðum.

Heilbrigðiseftirlit Vesturlands bendir á að grípa þurfi til allra mögulegra raunhæfra aðgerða til þess að hefja fok á plasti og pappa.

Íbúar í nágrenni Fíflholts benda á að mótvægisáðgerðir til að hindra fok séu ófullnægjandi, sbr. fok á liðnum vetri til austurs og vesturs. Urðunarsvæði sé of stórt til þess að hægt sé að hylja það daglega eins og krafist er.

Rakel Steinarsdóttir telur að aukinni urðun fylgi aukið fok á plasti sem valdi sjónmengun og ögri heilbrigðri lífkeðju votlendisins.

Jón Axel Jónsson bendir á að fok hafi verið vaxandi vandamál og eina lausnin sé að bagga sorpið áður en það sé urðað.

Í svörum framkvæmdaraðila er bent á að ekki hafi verið gerð nákvæm athugun á útbreiðslu fokdreifar við urðunarstaðinn en ljóst að hún hafi að mestu verið bundið við svæði innan girðingar suðvestan við losunarstað í urðunarrein á hverjum tíma. Einstaka sinnum hafi orðið vart við fok til norðurs, allt upp að þjóðvegi en sé mjög fátítt. Fyrirhuguð aukin urðun kalli ekki ein og sér á frekari mótvægisáðgerðir.



3.2.3 Niðurstaða

Skipulagsstofnun telur að fok úrgangs frá urðunarsvæðinu hafi haft neikvæð áhrif nærumhverfi svæðisins á undanförunum árum. Skort hefur kortlagningu á dreifingu fokfna og greiningar á orsökum mikils foks, annarra en mikils vindstyrks. Fokinn úrgangur hefur verið til lýta í umhverfi urðunarstaðarins og hreinsun hans virðist hafa verið ábótavant. Fok úrgangs er sá umhverfisþáttur sem talinn er hafa haft hvað mest neikvæð áhrif í umsögnum og athugasemdum en framkvæmdaraðili hefur brugðist við á árinu 2020 með auknum mótvægisáðgerðum.

Skipulagsstofnun telur að með bættu verklagi við urðun, s.s. þjöppun strax eftir losun flutningabíls, lágmörkun stærðar vinnslufatar og með því að þekja er sett yfir úrgang sem fyrst dag hvern, megi draga verulega úr hættu á foki. Fokgirðingar munu draga enn frekar úr líkum á að fokfni berist út í nærumhverfi og skipuleg hreinsun og eftirfylgni ábendinga eftir þörfum koma til með að bæta ástandið verulega. Til skamms tíma var úrgangur ekki urðaður þegar vindur fór yfir 20 m/sek í hviðum en viðmið hafa verið lækkuð í 18 m/sek. Skipulagsstofnun telur að skýrt þurfi að kveða á um aðgerðir til að koma í veg fyrir og draga úr foki á úrgangi frá urðunarstaðnum í nýju starfsleyfi og að ákvæði rati inn í vöktunaráætlun um eftirlit með foki úrgangsefna. Stofnunin telur að gera þurfi ráð fyrir að í starfsleyfi séu ákvæði um að eftirlit verði haft með foki miðað við tiltekinn vindstyrk og að endurskoða þurfi viðmið um vindstyrk í samræmi við niðurstöður eftirlits. Með hliðsjón af ofangreindu mun verða dregið úr líkum á að aukin urðun úrgangs muni hafa í för með sér neikvæð umhverfisáhrif af völdum foks úrgangsefna.

3.3 Fuglar og meindýr

3.3.1 Mat framkvæmdaraðila

Í matsskýrslu kemur fram að í nágrenni urðunarstaðarins hafi sést mýs, minkar og refir. Á urðunarstaðnum sjálfum hafi nokkuð borið á ágangi máva og hrafna. Ábendingar hafi borist um að mávar sem leiti á urðunarstaðinn hafi gatað plast á heyrúllum í nágrenninu og ágangur refa í æðarvarp á næstu jörðum aukist. Ekki liggi fyrir að hvaða marki meintan aukinn ágang dýra og fugla megi rekja til urðunarstaðarins og engar glöggar vísbendingar hafi komið fram um að önnur dýr en mávar og hrafnar sæki í svæðið í einhverjum mæli. Girðing umhverfis svæðið kemur í veg fyrir að húsdýr komist inn á svæðið. Talið sé að aukin urðun muni hafa óveruleg áhrif á ásókn fugla og dýra að urðunarstaðnum og gera megi ráð fyrir að fyrirsjáanlegur samdráttur í urðun lífræns úrgangs á svæðinu muni með tímanum draga verulega úr þessari hættu. Framkvæmdaraðili telur að framkvæmdin muni hafa óveruleg áhrif á fugla og meindýr.

3.3.2 Umsagnir og athugasemdir

Borgarbyggð leggur til að sem mótvægisáðgerðir gegn ágangi fugla og meindýra í úrgang verði settar strangar kröfur um að þekja úrganginn jafn óðum auk þess sem lagt er til að reist verði refaheld girðing umhverfis urðunarstaðinn.

Heilbrigðiseftirlit Vesturlands bendir á að koma þurfi eins og frekast sé unnt í veg fyrir aðgang fugla og meindýra að úrgangi, sérstaklega lífrænum.

Umhverfisstofnun bendir á að beita mætti öðrum leiðum en förgun með skotvopnum til að fæla fugla frá staðnum.

Jón Axel Jónsson bendir á að miðað við fjölda máva og hrafna á svæðinu megi draga þá ályktun að frágangi, að daglegri urðun lokinni, sé ábótavant og ekki í samræmi við starfsleyfi. Eina leiðin til varnar ágangi refa sé að setja upp girðingu sem þeir komist ekki í gegnum.

Í svörum framkvæmdaraðila er tekið undir mikilvægi þess að draga úr ásókn fugla og meindýra. Bent er á að m.a. sé lögð áhersla á að úrgangur í vinnslufleti í urðunarhólfi sé troðinn og hulinn jafnóðum og hann er urðaður og dregið eins og unnt er úr urðun lífræns úrgangs. Nær



óframkvæmanlegt sé að koma í veg fyrir að refir fari ekki undir girðingu þó hún geti verið það þétt að þeir fari ekki í gegnum hana. Refaskyttur verði áfram með reglubundið eftirlit með svæðinu og haldið verði áfram að skjóta máfa. Ef framangreint dugi ekki til að draga úr ásókn fugla og/eða meindýra verð notaður hljóðgjafabúnaður.

3.3.3 Niðurstaða

Skipulagsstofnun telur að með því að framfylgja þeim mótvægisáðgerðum sem tilgreindar eru í matsskýrslu, einkum með því að þekja úrgang jafnóðum og hann er urðaður og draga úr urðun lífræns úrgangs, megi draga úr ágangi fugla og annarra dýra í úrganginn. Nánari ákvæði um mótvægisáðgerðir og framfylgd þeirra þarf að setja í starfsleyfi.

3.4 Loft og lykt

3.4.1 Mat framkvæmdaraðila

Í matsskýrslu kemur fram að hauggas myndist við urðun í tengslum við loftfirrt niðurbrot á lífrænum úrgangi og ýti undir lofslagsáhrif og geti valdið lyktarmengun. Allt hauggas sem myndast hefur verið brennt síðan í byrjun 2019 en ekki fundist hagkvæmari leið til nýtingar þess.

Fram kemur að lyktarmengun hafi ekki skapað vandamál í nærliggjandi byggð eða þéttbýli, nema þegar stærri brunar hafi komið upp. Ekki sé talið líklegt að aukning á árlegu úrgangsmagni muni breyta neinu þar um og fyrirsjáanlegur samdráttur sé í urðun lífræns úrgangs sem sé helsta uppspretta gaslosunar og lyktarmengunar. Framkvæmdaraðili telur að framkvæmdin muni hafa óveruleg áhrif á loft og lykt.

3.4.2 Umsagnir og athugasemdir

Íbúar í nágrenni Fíflholts benda á að þegar vindátt sé vestlæg berist óþefur frá starfsemi.

3.4.3 Niðurstaða

Skipulagsstofnun vísar til þess að hauggasi hefur verið safnað frá 2019 og það brennt sem dregur úr áhrifum þess á loftgæði. Lykt frá svæðinu finnst á bæjum í nágrenni í vestlægum áttum og einnig ef eldur hefur komið upp en samkvæmt vindrós í matsskýrslu eru vestlægar áttir fremur fátíðar og hægar. Skipulagsstofnun er sammála niðurstöðu matsskýrslu og telur í ljósi reynslu af rekstri urðunarstaðarins að lyktarmengun verði óveruleg við aukningu urðunarmagns. Ef magn lífræns úrgangi mun dragast saman minnkar það enn frekar líkur á að lyktarmengun berist frá urðunarstaðnum.

3.5 Hljóðvist

3.5.1 Mat framkvæmdaraðila

Fram kemur að talsverð umferð sé um urðunarsvæðið við daglegan rekstur þess, m.a. vegna vinnuvéla og flutningabíla og muni umferð aukast samfara aukinni urðun með hávaða. Urðunarstaðurinn er hins vegar í töluverðri fjarlægð frá næstu íbúðarhúsum, starfsemi er eingöngu á dagvinnutíma og ekki hafi borist kvartanir um hávaða og því telur framkvæmdaraðili að framkvæmdin muni hafa óveruleg áhrif á hljóðvist.

3.5.2 Niðurstaða

Skipulagsstofnun er sammála niðurstöðu matsskýrslu og telur í ljósi fyrirliggjandi upplýsinga um rekstur urðunarstaðarins og reynslu af honum að áhrif framkvæmdarinnar á hljóðvist verði óveruleg.



3.6 Landslag og sjónræn áhrif

3.6.1 Mat framkvæmdaraðila

Fram kemur að ljóst sé að landslag á urðunarsvæðinu í Fíflholtum hafi tekið nokkrum breytingum frá því að urðun hófst þar fyrir tveimur áratugum en þá hafi verið gert ráð fyrir að urðunarsvæði kæmi til með að hækka um 3-5 m og sé hækkun lands innan þeirra marka. Ekki hafi borið á kvörtunum vegna ásjáðar urðunarstaðarins og telur framkvæmdaraðili að fyrirhuguð aukning urðunar úrgangs muni hafa óveruleg áhrif á landslag og ásjáðnd.

3.6.2 Umsagnir og athugasemdir

Í athugasemd íbúa í nágrenni Fíflholts er bent á að séð frá Furumel beri við himinn haugar af timburkurli, ruslabílar að losa og vélar að vinna við urðun. Rakel Steinarsdóttir bendir á að á svæðinu séu malarbingir og sundurgrafin jörð.

3.6.3 Niðurstaða

Skipulagsstofnun bendir á að framkvæmdasvæðið er á mjög flötu landi og sést til þess frá Snæfellsnesvegi. Framkvæmdin hefur ekki í för með sér ásjáðarbreytingar miðað við núverandi aðstæður. Tíðni þess að flutningabílar sjáist þar losa úrgang mun eitthvað aukast og mikilvægt verður að ekki safnist á svæðið tæki/búnaður sem þar þarf ekki að vera og ekki myndist áberandi haugar t.d. af timburkurli sem kunna að auka neikvæð sjónræn áhrif. Skipulagsstofnun telur að áhrif framkvæmdarinnar á landslag og sjónræn áhrif verði óveruleg.

4 SKIPULAG OG LEYFI

Framkvæmdin er í samræmi við Aðalskipulag Borgarbyggðar 2010-2022 og deiliskipulag frá 1999.

Framkvæmdin er háð starfsleyfi Umhverfisstofnunar samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerð um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit, sbr. einnig lög um meðhöndlun úrgangs, reglugerð um meðhöndlun úrgangs og reglugerð um urðun úrgangs. Þá þarf að kanna hvort að aukin urðun kalli á framkvæmdaleyfi Borgarbyggðar.

5 NIÐURSTAÐA

Í samræmi við 11. gr. laga og 26. gr. reglugerðar um mat á umhverfisáhrifum hefur Skipulagsstofnun farið yfir matsskýrslu Sorpförgunar Vesturlands sem lögð var fram samkvæmt 10. gr. sömu laga. Skipulagsstofnun telur að matsskýrslan uppfylli skilyrði laga og reglugerðar um mat á umhverfisáhrifum og að umhverfisáhrifum hafi verið lýst á fullnægjandi hátt.

Um er að ræða aukningu á árlegu magni úrgangs sem á að urða miðað við það magn sem gert var ráð fyrir í mati á umhverfisáhrifum árið 1997. Skipulagsstofnun tók jafnframt ákvörðun um matsskyldu aukningar á magni úrgangs til urðunar árið 2012. Ekki er gert ráð fyrir stækkun urðunarsvæðisins eða urðunarreina og ekki verður um að ræða neinar jarðvegsframkvæmdir en fyrst og fremst um að ræða breytingar á starfsemi. Flest bendir til þess að á næstu árum muni draga hratt úr urðun vegna breyttra áherslna íslenskra stjórnvalda og innleiðingar úrgangstilskipana en engu að síður er talið nauðsynlegt að gera ráð fyrir að urðun í Fíflholtum verði enn um sinn meiri en sem nemur því magni sem gert var ráð fyrir við ofangreindum málsmeðferðum árið 1997 og 2012 og gert er ráð fyrir í gildandi starfsleyfi.

Eins og bent hefur verið á í framlögðum gögnum er aukin urðun úrgangs ekki í samræmi við stefnu stjórnvalda hvorki á svæðis- né landsvísu, sbr. Sóknaráætlun Vesturlands 2020-2024 þar sem sett



eru markmið um að draga úr urðun í landshlutanum um 40% á tímabilinu. Í drögum að stefnu umhverfis- og auðlindaráðherra um meðhöndlun úrgangs 2021-2032 er gert ráð fyrir að endurvinnsla og önnur endurnýting verði aukin, dregið verði almennt úr urðun og urðun lífbrjótanlegs úrgangs hætt. Skipulagsstofnun telur mikilvægt að fyrirhuguð aukning verði einungis skammtímalausn meðan að unnið sé að því að finna lausn á úrgangsmálum sem samrýmist fyrrnefndri stefnumörkun stjórnvalda þannig að til lengri tíma verði dregið verulega úr urðun og henni hætt á lífrænum úrgangi.

Einn helsti áhættuþátturinn við rekstur urðunarstaða er hætta á að mengun berist í vatn og jarðveg vegna útskolunar efna úr úrganginum. Fyrir liggur að berg undir urðunarstaðnum í Fíflholtum er óvenjubétt og að sigvatn frá urðunarsvæðinu fer í gegnum hreinsivirki auk þess sem niðurstöður vöktunar á efnainnihaldi sigvatnsins benda ekki til þess að veruleg breyting hafi orðið á efnainnihaldinu eða merkjanleg áhrif hafi orðið á vistkerfi viðtaka frá því að urðun á svæðinu hófst. Niðurstöður vöktunarmælinga frá upphafi starfseminnar hafa verið innan marka starfsleyfis en útbúin verður ný vöktunaráætlun vegna aukningarinnar og allt eftirlit verður í samræmi við kröfur í nýju starfsleyfi sem og vöktunarmælingar. Umhverfisstofnun hefur bent á að aukning á hraða urðunar kunni að valda meira álagi á vatn og jarðveg sökum meira magns útskolunarefna í sigvatni. Skipulagsstofnun telur að með hliðsjón af ofangreindum aðstæðum á urðunarstaðnum m.t.t. þéttleika jarðlaga og í ljósi þess að allt sigvatn fer í gegnum hreinsun sem og að teknu tilliti til þess að niðurstöður vöktunarmælinga frá upphafi starfseminnar hafa verið innan marka starfsleyfis er ólíklegt að aukið magn urðunar komi til með að hafa neikvæð áhrif á vatn og jarðveg. Þessi niðurstaða byggir jafnframt á því að í starfsleyfi er unnt að setja kröfur sem draga úr líkum á neikvæðum áhrifum.

Samkvæmt framlögðum gögnum telur Skipulagsstofnun ljóst að fok úrgangs frá urðunarsvæðinu hefur haft neikvæð áhrif á nærumhverfi á undanförunum árum. Fyrir liggur að ráðist hefur verið í aðgerðir á síðastliðnu ári (sjá kafla 3.2.1 að framan) til þess að draga úr eða koma í veg fyrir að úrgangsefni fjúki frá urðunarstaðnum yfir á nærliggjandi jarðir. Stofnunin telur þær aðgerðir vera til þess fallnar að draga verulega úr neikvæðum áhrifum af völdum foks efna en telur eðlilegt að skýrt sé kveðið á um aðgerðir til að koma í veg fyrir og draga úr foki á úrgangi frá urðunarstaðnum í nýju starfsleyfi auk þess sem ákvæði um eftirlit með foki úrgangsefna rati inn í vöktunaráætlun.

Skipulagsstofnun telur að með því að framfylgja frekari mótvægisáðgerðum sem tilgreindar eru í matsskýrslu, einkum með því að þekja úrgang jafnóðum og hann er urðaður og draga úr urðun lífræns úrgangs, megi draga úr ágangi fugla og annarra dýra í úrganginn. Nánari ákvæði um mótvægisáðgerðir og framfylgd þeirra þarf að setja fram í starfsleyfi.

Varðandi nánari umfjöllun um áhrif á aðra umhverfisþætti fyrirhugaðrar aukningar á sorpmagni til urðunar er vísað til niðurstaðna í 3. kafla að framan og framkvæmdatilhögunar og mótvægisáðgerða sem gerð er grein fyrir í matsskýrslu Sorpurðunar Vesturlands.

Reykjavík, 19. mars 2021

Egill Þórarinnsson

Jakob Gunnarsson